



Faghópur I

Fundargerð 3. fundar

Umhverfisráðuneytinu 15. jan. 2009, kl. 10:30

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Hilmar Malmquist, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Magnús Ólafsson, Sólborg Una Pálsdóttir.

Forföll:

1. Formaður minntist Freysteins Sigurðssonar sem lést í lok desember. Ljóst er að hópurinn mun byggja á mikilvægu framlagi hans á fyrri stigum rammaáætlunar.
2. Sameiginleg fundargerð 1. og 2. fundar var samþykkt
3. Formaður dreifði minnisblaði þar sem fram kom áætluð dagskrá fundarins. Fyrst skyldi ræða nánar um aðferðafræðina, þá skyldi fara yfir umsagnir og gagnrýni á aðferðafræðina og loks skyldi ræða eftirtalin atriði:
 - a. Sjálfbærni virkjanakosta
 - b. Afturkræfni áhrifa
 - c. Skilgreiningu á mörkum og áhrifasvæða
 - d. Áhrif út í sjó (á grunnsævi, fiskistofna)
 - e. Áhrif neðan stíflu
 - f. Vogtölu viðfanga
 - g. Dreifingu einkunna
 - h. Hversu ítarlegar bakgrunnsupplýsingar hópurinn muni birta að lokum
4. Framvinda vinnu faghópsins mun í meginatriðum verða sú að fyrst verður rýnt í aðferðafræðina, beitingu hennar og hvort ástæða sé til að breyta henni á einhvern hátt, í öðrum áfanga verða verðmæti svæða metið og í þeim þriðja verða metin áhrif virkjunarframkvæmda. Hópurinn taldi mjög mikilvægt að listi yfir virkjunarhugmyndir lægi fyrir hið allra fyrsta, í síðasta lagi um mánaðamót jan-feb.
5. Fundarmenn töldu mikilvægt að fyrir lægju upplýsingar um fag- og sérfræðipækkingu meðlima faghópa svo ekki færi milli mála að starf hópanna byggji á faglegri þekkingu á viðfangsefnum. Starfsmanni var falið að kalla eftir slíkum upplýsingum og hafa á takteinum.
6. Formaður kynnti greinargerð Sigurðar Arnalds sem unnin var fyrir Landsvirkjun 2002 þar sem farið var í saumana á aðferðafræði faghópa I og II í fyrsta áfanga rammaáætlunar. Megin niðurstaða Sigurðar var að aðferðafræðin virtist „í meginatriðum vera skynsamleg“. Töldu fundarmenn að þetta framlag væri gagnlegt plagg í umræðum um aðferðafræði hópsins í 2. áfanga.

Nokkuð var rætt um álitamál varðandi skilgreiningu á áhrifasvæði virkjunarframkvæmda. Minnt var á að í norska matinu hafi verið litið til vatnasviða. Þá var áréttað að línulagnir frá virkjunum væru stór áhrifaþáttur sem helst einnig kæmi til kasta faghóps II (ferðaþjónusta og útivist). Sama ætti við um vegi og brýr. Kristinn Haukur upplýsti að Náttúrufræðistofnun væri

m.a. að kanna þessi mál sem hluta af úttekt á áhrifum Kárahnjúkavirkjunar eftir virkjun og mun taka saman gögn.

7. Umræða varð um lið d í ofangeindum 1sta (3.d) um áhrif á sjó og sjávarlíf en fundarmenn öldu að skorti nokkuð á sérþekkingu í þessum efnum innan hópsins. Ákveðið var að kalla til tvo sérfræðinga á næsta fund, þá Jón Ólafsson, haffræðing hjá Hafrannsóknastofnun og HÍ, um áhrif í sjó og Sigurð Reyni Gíslason, jarðefnafræðing hjá HÍ, til að gera grein fyrir áhrifum efna sem berast í ár og á sjó út. Starfsmanni var falið að kalla þá til.
8. Í umræðum um um vogtölur – gildi þeirra og vægi - var minnt á að um tvenns konar vogtölur væri að ræða; annars vegar vegna viðmiða og hins vegar vegna viðfanga. Við skoðun áhirfa þeirra í mati 1. áfanga hafði komið fram að vogtölurnar hefðu ekki skipt teljandi máli um röðun virkjunakosta. Rétt væri þó að taka þá umræðu upp aftur.
9. Umræða um hvernig rétt verður að birta niðurstöður af vinnu faghópsins. Í 1. áfanga voru birtar töflur með einkunnum einstakra viðfanga (sjá viðauka b3 í niðurstöðuskýrslu) en grunngögn sem einkunnargjöf byggðist á voru ekki birt. Ef leggja skal fram grunngögn kallar það á verulega viðbótarvinnu við að fara yfir gögnin og koma þeim í aðgengilegan búning. Talið var rétt að taka ákvörðun í þessum efnum áður en vinn hópsins hefst.
10. Starfsmanni var falið að kynna verkefnastjórn og faghópum ráðstefnuna „Orku og umhverfi“ sem haldin verður í Reykjavík 20. janúar á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Landverndar. Starfsmanni var falið að kanna hvort rammaáætlun myndi greiða þátttökugjald fyrir þá faghópsmeðlimi sem vildu mæta.
11. Hópurinn taldi mjög mikilvægt að heimsækja þá staði sem þekking er takmörkuð. Stefna á vor og/eða sumar.
12. Formaður bað fundarmenn að lesa fyrir næsta fund greinargerð sem fylgdi minnisblaði hans. Til fróðleiks myndi starfsmaður senda fundarmönnum afrit af þremur greinum sem fjölluðu um mat Norðmanna á virkjunarkostum.
13. Næsti fundur hópsins verður 29. jan. á sama tíma og sama stað.